

ALLT ATVINNA

Stútfullt blað af atvinnuauðglýsingum

• ATVINNA
allt í MIÐJU BLAÐSINS



JUDE LAW

Skipuleggur aðra heimsókn til Íslands

Frábær vika á Fróni að baki
FÓLK 30



ALLA SUNNUDAGA

RE/MAX
Fasteignablað



FRÍTT

FRÉTTABLAÐIÐ

18. febrúar 2007 – 48. tölublað – 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

SUNNUDAGUR

JóJó á heilsuhæli

Götuspilarinn JóJó er kominn á heilsuhælið í Hveragerði. Dvölin er síðbúin áfalla-hjálpi eftir líkamsárás sem hann varð fyrir í fyrra.



FÓLK 30

Stefna afskrifuð

„Það var því mikið framfaraskref fyrir þjóðina þegar aflamarkskerfið var tekið upp og við njótum öll ávaxtanna,“ segir Illugi Gunnarsson.

Í DAG 8

ÍR og Haukar bikarmeistarar

ÍR og Haukar urðu bikarmeistarar í gær eftir tvær æsispennandi viðureignir.



ÍÞRÓTTIR 24


Vil ekki vorkunn

Rósa Ólöf Svavarsdóttir segir þann harmleik sem hún og fjölskylda hennar gekk í gegnum ekki vera skemmtiefni.



VIÐTAL 12

VEÐRIÐ Í DAG



HVESSIR Í KVÖLD - Í dag verður vaxandi austanátt, 3-10 m/s í fyrstu en 13-18 m/s sunnan og vestan til í kvöld, hægari annars staðar. Rigning eða skúrir á landinu sunnan- og vestanverðu, annars úrkomulítið. Hlýnandi veður í dag.

VEÐUR 4



Úrslit í Eurovision-undankeppni: Eiríkur Hauks fer til Helsinki

SÖNGVAKEPPNI Eiríkur Hauksson bar sigur úr býtum í söngvakeppni Sjónvarpsins sem fór fram í gærkvöldi. Hann verður því fulltrúi Íslands í Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva sem fer fram í Helsinki 10. og 12. maí næstkomandi. Eiríkur söng lagið „Ég les í lófa þínum“ eftir Svein Rúnar Sigurðsson við texta Kristjánss Hreinssonar.

Í öðru sæti varð Friðrik Ómar með lagið „Eldur“, og í þriðja sæti varð Hafsteinn Þórólfsson með lagið „Þú tryllir mig“.

- sps

FULLTRÚI ÍSLANDS Eiríkur Hauksson flytur lagið „Ég les í lófa þínum“ á söngvakeppninni í gær. Þetta verður í þriðja sinn sem hann keppir í Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Skógræktarfélagið undirbýr lögsókn

Framkvæmdastjórinn segir að félagið muni aldrei fallast á áform Kópavogsbæjar um framkvæmdir í Heiðmörk. Bærinn hafi þverbrotið fjölmörg lög með ruddalegum hætti. Afstaða félagsins kemur bæjarstjóra Kópavogsbæjar á óvart.

UMHVERFISMÁL „Skógræktarfélag Reykjavíkur mun aldrei fallast á að Kópavogsbær hafi rétt á að ryðja niður þessa mikilvægu útivistarperlu Reykvíkinga,“ segir Helgi Gíslason, framkvæmdastjóri félagsins, um framkvæmdir Kópavogsbæjar við vatnsveitulögn í gegnum Heiðmörk. Hann hefur því beðið lögfræðing félagsins að undirbúa lögsókn á hendur Kópavogsbæ og Klæðningu hf.

Framkvæmdastjórinn segir að samkvæmt þjónustusamningi sé Skógræktarfélagið formlegur umsjónaraðili Heiðmerkur. Svo hafi verið í sextu ár, eða allar götur síðan félagið hafði frumkvæði að því að svæðið var gert að útivistarsvæði fyrir Reykvíkinga.

Skógræktarfélagið hafi aldrei gefið leyfi né verið spurt um þær framkvæmdir sem Kópavogsbær og Klæðning hf. hófu á dögunum. Óformlegar viðræður fyrir fjórum til fimm árum við fyrrverandi framkvæmdastjóra félagsins dugi ekki til að hefja framkvæmdir.

Helgi segir ljóst að framkvæmdaraðilar hafi „engan rétt til að fara yfir þetta viðkvæma verndarsvæði með jafn ruddalegum og skeytingarlausum hætti“. Hann telur til fjölmörg lög sem hann segir að framkvæmdaraðilar hafi „þverbrotið“, til dæmis skipulags- og byggingarlög, lög um mat á umhverfisáhrifum, náttúruverndarlög og skógræktarlög.

Helgi lýsir því yfir ánægju

sinni með Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, fyrir að „koma böndum á framkvæmdaáðilann“, en hún lýsti framkvæmdirnar óheimilar.

Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri Kópavogsbæjar, segir undirbúning kærunnar koma sér mjög á óvart. Bærinn hafi farið yfir framkvæmdaráttunina með Skógræktarfélaginu. „Síðan kemur nýr framkvæmdastjóri sem skiptir um skoðun.“

Aðspurður hvort bærinn eigi undirritað leyfi frá Skógræktarfélaginu, segir Gunnar: „Við erum með lýsingu á öllum staðhættum. Við svörum bara fyrir það þegar [kæran] kemur.“

- kóp

Tvöfalt líf bandaríks prests: Stal kirkjunni

BANDARÍKIN Prestur í Kaliforníu hefur viðurkennt að hafa falsað skjöl og selt kirkju undan söfnuði sínum, ásamt öllum eignum safnaðarins. Fyrir peningana keypti hann sér glænýjan svartan BMW og fartölvu. Þetta kemur fram á vef fréttastofunnar USA Today.

Eftir að kirkjustuldurinn komst upp bloggaði presturinn um syndugt líferni sitt. Hann bíður nú dóms.

- sps

Demókratar gegn Bush: Ályktun fell

BANDARÍKIN, AP Öldungadeild Bandaríkjaþings hafnaði í gær tillögu demókrata um að gagnrýna fyrirhugaða fjölgun í herliði Bandaríkjamanna í Írak.

Bush Bandaríkjaforseti hefur lagt til að hermönnum í Írak verði sendur liðsauki 21.500 manna. Fulltrúadeildin, þar sem demókratar njóta meirihluta, hafði ályktað gegn þessum áformum og þar lögðust einir sautján repúblikanar á sveif með demókrötum. Fjögur atkvæði vantaði upp á í gær.

- kóp

Eiga hægrimmenn erindi í ESB?

Hádegisverðarfundur fimmtudaginn 22. febrúar á vegum Heimdallar og Evrópusamtakanna

Sjá dagskrá á www.evropa.is

Skráning er hafin á evropa@evropa.is

Aðgangur ókeypis



Blaðamannaverðlaunin ársins 2006 voru afhent á Hótel Holti í gær:

Auðunn Arnórsson verðlaunaður

VERÐLAUN Auðunn Arnórsson, blaðamaður á Fréttablaðinu, fékk í gær verðlaun Blaðamannafélags Íslands fyrir bestu umfjöllun ársins 2006. Verðlaunin fær Auðunn fyrir itarlega umfjöllun um Evrópumál í greinaflokknum „Ísland og Evrópusambandið“ sem birtist í Fréttablaðinu um nokkurra mánaða skeið í fyrra.

Í umsögn dómnefndar segir að

greinaflokkurinn byggir á mikilli yfirsýn og yfirburðaþekkingu á flóknu og vandasömu málefni sem brýnt sé að gera aðgengilegt almenningi. Um sé að ræða eitt eldfimasta mál í íslenskri þjóðfélags- umræðu en umfjöllun Auðuns hafi verið í góðu jafnvægi og dregið fram þá þætti og hliðar sem mestu máli hafi skipt.

Jóhannes Kr. Kristjánsson,

Kompási, fékk verðlaun fyrir rannsóknarblaðamennsku ársins fyrir nýstárlega, hugmyndaþruga og afhjúpanði umfjöllun um málefni barnaníðinga og málefni Byrgisins.

David Logi Sigurðsson, Morgunblaðinu, fékk Blaðamannaverðlaunin fyrir skrif um alþjóðamál, þar á meðal skrif um Guantanamo-fanga- búðirnar á Kúbu og Íslensku friðargæsluna.

- ghs

OPIÐ LAUGARDAGA FRÁ KL. 11-18 OG SUNNUDAGA FRÁ KL. 13-18

VELKOMIN Í ÓVENJULEGA VERSLUN!

OPIÐ ALLAR HELGAR

ÓTÚLEGA SKEMMTILEGT VÖRUÚRVAL

ORMSSON

VÖNDUÐ VARA – HAGSTÆÐ VERÐ

SMÁRALIND

allt í matinn á einum stað

Humarveisla

499 kr./pk.
Hornafjarðarhumar 500 gr.

netto

SPURNING DAGSINS



Jóhann, eru ekki klárar klámefnislegar forsendur til að rannsaka málið?

„Jú, alveg örugglega, en ég vildi helst sjá sem minnst af þeim ófögnuði!“

Jóhann R. Benediktsson, sýslumaður á Suðurnesjum, hefur sagt að tilfinningalegar forsendur dugi ekki til að stöðva for „klámhópsins“ sem hingað er væntanlegur. Þær þurfi að vera efnislegar.

Sextán ára ökumaður:

Stakk lögreglu af á hlaupum

LÖGREGLUMÁL Sextán ára ökumaður stakk lögregluþjón af á hlaupum í Keflavík á föstudagskvöld. Hann var stöðvaður við akstur, grunaður um ölvunarakstur, við reglubundið eftirlit en hljóp í burtu þegar hann gekk með lögreglumanni í átt að lögreglubíl.

Lögreglumadurinn náði ekki að elta drenginn uppi en hann fannst skömmu síðar. Átta voru teknir fyrir of hraðan akstur á Reykjanesbraut sama kvöld, þar af þrír sem fóru hraðar en 130 kílómetra á klukkustund. Þeir voru allir sektaðir.

- sps

Ráðherra um klámráðstefnu:
Gæti verið nútíma þrælahald

FÉLAGSMÁL Jón Sigurðsson viðskiptaráðherra segir að „ekkert öryggi“ sé fyrir því að á klámráðstefnunni á Hótel Sögu verði ekki „nútíma þrælahald á ferð“. Það sé óþolandi og hann



JÓN SIGURÐSSON

treysti því að lögreglan hindri slíkt. Margt bendi enda til að hópurinn sem sækja mun ráðstefnuna ætli að framleiða klámefni á Íslandi.

Þetta kom fram í viðtali við ráðherra í fréttum Stöðvar 2 í gærkvöldi.

Jóhann Benediktsson, sýslumaður á Suðurnesjum, segir að til að stöðva ferð hóps Evrópubúa með gild vegabréf þurfi að liggja fyrir efnislegar en ekki tilfinningalegar forsendur.

- kóp

Hamas-stjórnin farin frá og viðræður hafnar um myndun þjóðstjórnar:

Boðar sátt innan þriggja vikna

GAZA, AP Ismail Haniyeh, forsætisráðherra palestínsku heima-stjórnarinnar og einn af leiðtogum Hamas-samtakanna, sagðist í gær gera sér vonir um að takast myndi að koma saman samstjórn Hamas og Fatah innan þriggja vikna.

Haniyeh vildi með þessu lýsa bjartsýni á að stjórnarmyndunin gengi eftir, þrátt fyrir óleyst innri deilumál og viðvörðun sem Bandaríkjaþjórn er sögð hafa sent honum, þar sem skilyrði fyrir viðurkenningu á hinni væntanlegu þjóðstjórn Palestínnumanna voru tíunduð.

Fráfarandi stjórn sagði af sér í

gær og í beinu framhaldi tók Haniyeh við stjórnarmyndunarumboði úr hendi Mahomuds Abbas, forseta Palestínnumanna og helsta leiðtoga Fatah-hreyfingarinnar. Stjórnarmyndunarumboðið er byggt á samkomulagi sem leiðtogarnir gerðu í Mekka í Sádi-Arabíu í liðinni viku. Haniyeh hefur nú fimm vikur til að ljúka stjórnarmyndunarviðræðum. Á þeim tíma verða fylkingarnar að leysa djúpstæðan ágreining um yfirráð yfir öryggissveitum heimastjórnarinnar og hvort afvopna skuli vopnaðar sveitir Hamas-liða.

- aa



ISMAIL HANIYEH Bjartsýnn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ályktað um umhverfismál:

Nýtt samkomulag fyrir 2009

WASHINGTON Stjórnmalameinn frá tuttuugu löndum skrifuðu undir ályktun í Washington á fimmtudag, þar sem kallað er eftir nýju samkomulagi um hömlur á útblæstri gróðurhúsalofttegunda fyrir árið 2009. Það myndi taka við af Kyoto-bókuninni, sem rennur út árið 2012.

Ályktuninni er beint til G8-hópsins, samtaka átta stærstu iðnvelda heims, og hann hvattur til að samþykkja árið 2009 sem lokafrest á fundi sínum í júní.

Fundarninn í Washington sögðust finna fyrir stefnubreytingu hjá Bandaríkjamönnum hvað varðar umhverfismál.

- sun



Ofsaakstur ökuþóra stefnir fólki í hættu

Lögregla þurfti þrisvar að veita ökuþórum eftirför aðfaranótt laugardags. Tveir voru ölvaðir og einn á stolnum bíl. Mikil hætta skapaðist og mildi að enginn hafi slasast. „Glannaskapur og glæpamennska,“ segir forstjóri Umferðarstofu.

LÖGREGLUMÁL Höfuðborgin var vettvangur ofsa- og glæfraaksturs aðfaranótt laugardags. Þrisvar þurfti lögregla að veita bifreiðum eftirför sem ökumenn þeirra neitðu að stöðva, og skemmdust tveir lögreglubílar í kjölfarið. Mikil hætta skapaðist þar sem bílarnir fóru um, og þykir mildi að enginn hafi slasast.

„Þetta er ekkert nema glæframennska sem glæpamenn stunda,“ segir Karl Ragnars, forstjóri Umferðarstofu. „Við erum með áróður og aðgerðir til að forðast slysin, en það eru örfá skemmd epli sem við náum hreinlega ekki til,“ segir hann.

Klukkan tíu á föstudagskvöld veitti lögregla bíl eftirför sem mældist á 180 kílómetra hraða í Ártúnsbrekkunni. Eftirförin fór um Sæbraut, Kleppsvog og íbúðahverfi í Breiðholti. Reynt var að

króa bílinn af, meðal annars með því að keyra lögreglubílum utan í hann, og tókst að stöðva hann á Sæbraut við Súðarvog eftir ákeyrslu lögreglubíls.

Ökumaðurinn er 22 ára gamall og var með tvo farþega í bílnum. Premeningarnir voru fluttir á lögreglustöð til yfirheyrslu, og var farþegunum tveimur sleppt að henni lokinni. Ökumaðurinn var látinn gista fangageymslur enda grunaður um ölvunarakstur.

Rétt fyrir klukkan fimm aðfaranótt laugardags hófst eltingaleikur á ný, í þetta skiptið á Suðurlandsvegi við Hólmsá. Ökumaður bifreiðar virti ekki stöðvunarkerki frá lögreglu og brunaði eftir Breiðholti.

Eltिंगaleiknum lauk þegar ökumaðurinn missti stjórn á bíl sínum í aðreinu niður á Reykjanesbraut þar sem lögreglubíll ók á hann.

Ökumaðurinn, sem var einn í bílnum, er á tvítugsaldri. Hann var látinn gista fangageymslur og var yfirheyrður í gær, grunaður um ölvunarakstur.

Þriðja eftirförin varð um klukkan átta í gærmorgun þegar lögreglumenn reyndu að stöðva ökumann stolinnar bifreiðar á Snorrabraut. Sá sem ók bílnum tók það ekki í mál og reyndi að stínga lögregluna af. Bíllinn stöðvaðist stuttu seinna við Hallgrímskirkju þar sem ökumaðurinn reyndi að stínga af á hlaupum, en náðist fljótlega.

Rétt fyrir níu í gærmorgun fór bíll út af Miklubraut eftir hraðakstur og var hann mikið skemmdur ásamt girðingu sem skilur akreinar að. Þrír voru í bílnum og voru þeir allir handteknir, enda óljóst hver ók bifreiðinni. Þeir sluppu án teljandi meiðsla. salvar@frettabladid.is

Formaður grunnskólakennara:

Sendi bréf til sveitarstjórnarmanna

KJARAMÁL Ólafur Loftsson, formaður Félags grunnskólakennara, segir að margir kennarar velti fyrir sér að segja upp störfum ef ekki semst fljótlega um kjarabætur. Ólafur segist



ÓLAFUR LOFTSSON

hafa sent öllum sveitarstjórnarmönnum í landinu bréf fyrir um tíu dögum þar sem hann hafi útskýrt ástandið. „Einn sveitarstjórnarmaður óskaði eftir nánari upplýsingum en ég hef ekkert heyrt í hinum. Þeir virðast vera alveg áhyggju- og áhugalausir,“ segir Ólafur og tekur fram að forysta kennara óttist að erfitt verði að ráða nýja kennara í haust. „Þetta hljómar eins og hótun en er raunverulega að gerast,“ segir hann.

- ghs

Heimilisgerjur á Laugavegi:

Henti tösku út um gluggann

LÖGREGLUMÁL Glerbrotum rigndi yfir gangandi vegfarendur á Laugaveginum um hádegi í gær. Gleríð kom úr glugga á efri hæð húss, en þar voru heimilisgerjur í gangi. Þeim lauk með því að tösku var kastað út um gluggann og niður á götu.

Enginn þeirra sem urðu fyrir glerbrotunum slasaðist en níu ára stúlka fékk stórt stykki úr rúðunni beint ofan á höfuðið. Hún slapp með skrekkin, enda með húfu. Lögregla var kölluð á staðinn og ræddi við fólkíð sem reifst svona harkalega.

- sps

Verksmiðjuskip vélarvana við Adare-höfða Suðurskautslandsins:

Japanar fúlsta við hjálparhönd

UMHVERFISMÁL Tekist hefur að slökkva elda um borð í japanska hvalverksmiðjuskipinu Nisshin Maru, að sögn japanskra embættismanna. Skipið er vélarvana við Suðurskautslandið, en tvö japönsk hvalveiðiskip halda því stöðugu.

Í skipinu eru mörg hundruð þúsund lítrar af olíu, segja umhverfissamtök og embættismenn á Nýja-Sjálandi. Þeir telja hvalveiðiskipin tvö ekki megna að halda Nisshin Maru á floti, geri hafrót.

Grænfríðungaskipið Esperanza er á svæðinu og hefur boðist til að draga skipið að landi. Japönsk stjórnvöld hafna því alfarið. „[Grænfríðungar] réðust á okkur sýknt og heilagt. Skyndilega gerast þeir brosmildir og rétta út hjálparhönd. Hvernig býstu við því að við bregðumst við því?“ spurði Hideki Moronuki hjá Hafrannsóknastofnun Japans.

Nisshin Maru er átta þúsund lestir að stærð en til samanburðar er flutningaskipið Wilson Muuga, sem strandaði á Hvalsnesi í desember, 5.700 lestir. Skipið er móðurskip fimm minni hvalveiðiskipa japanska veiðiflotans. Þau voru á leið á hvalveiðar, en þar sem Nisshin Maru er eina skipið sem hægt er að verka hvalkjöt í, er ólíklegt að veiðarnar haldi áfram.



NISSHIN MARU Japönsk stjórnvöld hafna samvinnu við Grænfríðunga, sem hafa boðist til að draga skipið að landi.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Við Adare-höfða er ein stærsta mörgæsabyggð heims. Nýsjálensk yfirvöld telja mikla hættu á því að skipið reki þar á land.

- shá, - kóp

Viltu gleðja elskuna þína?



Olíurnar eru afgreiddar í silkipokum, viðskiptavinum að kostnaðarlausu.

Purity Herbs
Íslenskar, náttúrulegar snyrtivörur
Furuvöllum 5, 600 Akureyri, sími 462 3028

Þú færð ástarolliurnar frá Purity Herbs í Heilsuhúsinum, Blómaval, Heilsuþúðinni Hfj., apótekum og sölustöðum um land allt.

OKKAR ENDURGREIÐSLA FER BEINT Í FERÐASJÓÐINN

VIÐSKIPTAVINIR GLITNIS FÁ TUGMILLJÓNA ENDURGREIÐSLU

Árlega verðlaunar Glitnir skilvísa viðskiptavini með því að endurgreiða allt að 6% af vaxta-
greiðslum skuldabréfa*. Þessa dagana fá viðskiptavinir endurgreiðslu inn á reikninga sína,
en þær nema samtals tugum milljóna króna.

Dæmi um endurgreiðslu:

Viðskiptavinur með 18,4 milljóna kr. óverðtryggt skuldabréfalán fær 76.585 kr. endurgreiddar.

Þú getur líka komist í hóp viðskiptavina sem fá endurgreitt. Kynntu þér Vildarþjónustu
Glitnis á www.glitnir.is, í næsta útibúi eða Þjónustuveri í síma 440 4000.

FJÁRHAGSLEG VELGENGI ÞÍN ER OKKAR VERKEFNI

GLITNIR

* gildir ekki um verðtryggt húsnæðislán með föstum vöxtum

GJALDMIÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	67,18 67,5
Sterlingspund	130,91 131,55
Evra	88,12 88,62
Dönsk króna	11,82 11,89
Norsk króna	10,952 11,016
Sænsk króna	9,508 9,564
Japanskt jen	0,5625 0,5657

SDR	100,72	101,32
-----	--------	--------

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
120,7878
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Lögfræðiprófessor segir skaðabótaábyrgð ekkert hafa með fjárræði að gera:

Börn geta borið bótaskyldu

LÖGREGLUMÁL „Skaðabótaábyrgð hefur ekkert með fjárræði að gera og börn geta orðið skaðabótaskyld jafnvel þótt þau séu ekki sakhæf,“ segir Viðar Már Matthíasson, prófessor við lögfræðideild Háskóla Íslands.

Þrjár piltar á aldrinum fimmtán til sautján ára játuðu í vikunni að hafa verið valdir að umtalsverðum skemmdarverkum víðs vegar í Hafnarfirði aðfaranótt síðastliðins miðvikudags. Geir Jón Þórisson, yfirlöggeflubjónn hjá lögreglu höfuðborgarsvæðisins, sagði í Fréttablaðinu í gær að ekki væri hægt að krefja drengina um greiðslur fyrir skemmd-



SKEMMDARVERK Á fjórða tug bifreiða eru meðal þess sem drengirnir skemmdu. Talið er að tjónið hlaupi á tugum milljóna króna.

irnar þar sem þeir væru ekki orðnir fjárráða. Viðar segir hins vegar ekkert

því til fyrirstöðu. „Ég veit ekkert um það hvort þessi verknaður sé skaðabótaskyldur eða ekki, en aldur þeirra er því ekki til fyrirstöðu, það er nokkuð ljóst. Það er ekki hægt að segja að það sé einhver tiltekinn lágmarksaldur fyrir skaðabótaskyldu barna.“

Að sögn Viðars geta tjonþolarnir lagt fram bótakröfur og svo er það dómstóla að skera úr um hvort fótur sé fyrir þeim. Ef dómur fæst fyrir skaðabótakröfunni er síðan hægt að gera aðför og jafnvel fjárnám. „Fjárræði hefur ekkert að gera með ábyrgð á skuldum.“

- þsj

Fleiri kjósendur á kjörstað

FINNLAND Fleiri Finnar virðast ætla að greiða atkvæði í þingkosningunum 18. mars en skoðanakannanir hafa áður sýnt. Suomen Gallup gerði nýlega skoðanakönnun fyrir Helsingin Sanomat sem sýndi að 61 prósent Finna hygðist nú mæta á kjörstað.

Vinstri menn munu ákveðnastir í að mæta á kjörstað, eða um 92 prósent, meðan aðeins um 66 prósent jafnaðarmanna eru á þeim buxunum. Hlutfallið er um 67 meðal stuðningsmanna miðju-flokkisins og aðeins 63 prósent grænna ætla að greiða atkvæði í kosningunum.

- ghs



Á HÁSKÓLADEGI Elin Ísold Pálsdóttir athugar tilraunir í efnafraeðiskor HÍ.

17 þúsund í háskólanámi: Fimm hundruð námsleiðir

MENNTAMÁL Allir átta háskólar landsins kynntu námsframboð sitt á Háskólaþinginu í Reykjavík í gær. Dagskráin fór fram í Háskólabíói, húsnæði Kennaraháskóla Íslands við Stakkahlíð og í Borgarleikhúsinu. Kynntu skólarnir samtals um fimm hundruð mismunandi námsleiðir, og áætlað var að allt að þrjú þúsund gestir myndu sækja kynningarnar.

Háskólanemum á Íslandi hefur fjölgað um ríflega 60 prósent frá árinu 2000, og stunda nú rúmlega 17 þúsund manns háskólanám á landinu. Búist er við því að allt að fjögur þúsund nemendur hefji háskólanám í haust.

- sun

VOGAR

Lóðatrássi á lokasúningi

Karlmaður sem fékk úthlutað einbýlishúsaloð í Vogum á Vatnsleysuströnd fyrir tæpum sjö árum hefur ekki enn náð að gera hús sitt fohelt og mun því að óbreyttu verða sviptur lóðinni. Samkvæmt skilmálum átti húsið að vera að minnsta kosti fohelt í júní 2002. Bæjráð segir hættu stafa af eigninni og að hún sé til lyta og óþæginda fyrir nágannana.

Ráðherra algjörlega andvígur Norðurvegi

Jónína Bjartmarz segir að halda eigi í víðerni hálendisins. Þau eigi að vera í allra eigu. Forstjóri Umhverfisstofnunar er einnig efins um framkvæmdina. Talsmaður Norðurveggar segir nokkurn misskilning ríkja um vegagerðina.

UMHVERFISMÁL Jónína Bjartmarz umhverfisráðherra segir áætlanir um að leggja Norðurveg frá Reykjavík til Akureyrar í gegnum Guðlaugstungur, sem eru friðlýstar, vera „eina ástæða af mörgum“ fyrir því að henni finnist áformin „alveg út í hött“.

Ráðherra segir að friðlandið eitt og sér „útiloki“ þá veglínu sem stungið hefur verið upp á. „En hvort sem það er þessi veglína eða einhver önnur, þá tel ég, af þessum hugmyndum sem hafa verið lagðar fram, að menn séu komnir langt á undan sjálfum sér.“

Slík framkvæmd varðar alla landsmenn, segir ráðherra. Almennungur eigi að fá aðkomu að ákvörðuninni. „Þótt fjármagnid sé til staðar er það ekki fjármagnid sem á að ráða för og ég lýsi mig algjörlega andvígá þessum hugmyndum,“ segir hún.

Það voru Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi sem vöktu í fyrradag athygli á því að vegurinn fari í gegn um friðlandið. Þau segja stjórnarformann Norðurveggar sýna „helbera ósvífni“ þegar hann haldi því fram að slíkur vegur, tveggja til þriggja metra há, sé afturkræf framkvæmd á verðmætum svæðum.

Davíð Egilson, forstjóri Umhverfisstofnunar, segir einnig að við fyrstu sýn finnst honum „ólíklegt að slíkur vegur rýri ekki verndargildi svæðisins og falli að friðlýsingarskilmálum,“ þótt það þurfi að meta í ljósi þeirrar útfærslu sem valin yrði.

Aðspurður um ályktun Samtaka um náttúruvernd, segir verkefnisstjóri Norðurveggar, Kristján Vigfússon, að fyrirtækið hafi óskað eftir aðstoð frá Vegagerðinni til að meta umhverfisáhrif framkvæmdarinnar. „Við erum með vilyrði frá samgönguráðherra um að fara í frekari rannsóknir. Að sjálfsögðu fer framkvæmdin í umhverfismat.“

Kristján tekur fram að vegna mistaka í framsetningu sé sá misskilningur útbreiddur að vegurinn verði allt að þriggja metra há. Til standi að hann verði eins og hver annar þjóðvegur, um 1,5 metrar á hæð. „Framkvæmdin er afturkræf, það verður hægt að ryðja veginum niður aftur.“



JÓNÍNA BJARTMARZ Telur hugmyndir um Norðurveg fráleitir.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN



NORÐURVEGUR UM GUÐLAUGSTUNGUR Græna svæðið sýnir Guðlaugstungur, sem voru friðlýstar árið 2005. Rauða línan er fyrirhugaður Norðurvegur og liggur beint í gegnum svæðið. Umhverfisráðherra segir þetta „eina af mörgum“ ástæðum þess að hún sé andvíg Norðurvegi.

FRÉTTABLAÐIÐ/SUNN

Hann segir einnig að umhverfisáhrif þurfi að skoða frá fleiri sjónarhornum, til að mynda minnki útlosun koltvísýrings um fimmtán hundruð tonn á ári miðað við styttingu leiðarinnar. „Styttingar sem þessar eru því meðal meginmarkmiða Evrópusambandsins í umhverfismálum,“ segir Kristján.

klemens@frettabladid.is

Erðavenjur borgarbúa: Hjón fara ekki saman í bíl

UMHVERFISMÁL Langflestir borgarbúar, eða um sjötíu og þrjú prósent, óku sjálfir til vinnu eða skóla á tímabilinu 17. nóvember til 9. desember í fyrra. Aðeins fjögur prósent þeirra fóru sem farþegar í bíl. Þetta kemur fram í frétt frá Umhverfissviði Reykjavíkurborgar.

Í niðurstöðum könnunar sem Félagsvísindastofnun gerði fyrir Umhverfissviði kom í ljós að tvö prósent svarenda fóru til vinnu eða skóla á reiðhjól, sjö prósent með strætó, tólf prósent gangandi og þrjú prósent öðruvísi.

Berlega kom í ljós að hjón nota ekki einn bíl til að fara til og frá vinnu heldur fara þau hvort í sínum.

- ghs

Látinn í íbúð sinni í eitt ár: Sat fyrir fram- an sjónvarpið

BANDARÍKIN Lík sjötugs karlmanns, sem hafði verið látinn í rúmt ár, fannst fyrir skömmu á heimili hans í Hampton Bays í New York ríki. Maðurinn, sem hét Vincenzo Ricardo, fannst í stól fyrir framan sjónvarp sem enn var kveikt á.

Lögregla fann líkið þegar hún var kölluð til vegna tilkynningar um sprungið rör í byggingunni. Að sögn lögregluþyrvalda var þurru lofti í íbúðinni fyrir að þakka að lík mannsins var í tiltölulega góðu ásigkomulagi. Nágrannar Ricardos höfðu ekki heyrt til hans í rúmt ár og gerðu ráð fyrir að hann væri á hjúkrunarheimili.

- sun

RÚSSLAND

Dauðir fuglar sýktir

Fuglaflensu hefur orðið vart í dauðum fuglum í nágrenni Moskvu. Yfirvöld kanna hvort um sé að ræða hina banvænu H5N1-veiru. Fuglaflensu hefur áður orðið vart í Rússlandi, en hún hefur ekki greinst í mönnum.

TIL SÖLU
BENZ 815 L árgerð 2005 m. lyftu

Verð 3,9millj.

Aðeins ekinn 22.000 km. Kassi er 36 rúmmetrar (plywood með LBW). Burðargeta 2.2 tonn. Hestöfl 149. Dieselvél 4249 cc.

Uppl. veita Kristján (8992541) eða Andrés (8960599). Til sýnis í Suðurhrauni 12C.

VEÐURSPÁ

um hádegi »

um hádegi »

Kaupmannahöfn	4°C	léttskýjað	London	11°C	hálfskýjað	Alicante	18°C	hálfskýjað
Þórshöfn	8°C	hálfskýjað	Paris	15°C	hálfskýjað	Mallorca	15°C	hálfskýjað
Oslo	2°C	snjóköma	Frankfurt	10°C	hálfskýjað	Algarve	16°C	hálfskýjað
Stokkholmur	3°C	skýjað	Friedrichshafen	8°C	hálfskýjað	Krit	15°C	heiðkírt
Gautaborg	4°C	skúrir	Berlin	8°C	hálfskýjað	Las Palmas	21°C	léttskýjað

*Vindhraði er í metrum á sekúndu.

50%

afsláttur

af rjómobollum í dag



125 kr/stk

Verð áður 249,-

Gildir 18. febrúar á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

KJÖRKASSINN

ICELAND
Reykjavík

CAN BUSINESS GET ANY COOLER?
2007 SNOWGATHERING
March
7th - 17th 2007

Finnst þér að þanna eigi klámráðstefnuna sem halda á í Reykjavík í næsta mánuði?

Já	47%
Nei	53%

SPURNING DAGSINS Í DAG:
Vilt þú þyngrí viðurlög við ofsakstri?

Segðu skoðun þína á visir.is **visir**

Arlegum viðræðum Íslendinga og Færeyinga um fiskveiðisamning lauk í gær:

Samstarf þjóðanna eflist enn

SJÁVARÚTVEGUR Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðgjafi og Björn Kalsö, starfsbróðir hans í Færeyjum, funduðu í Kaupmannahöfn á fimmtudag og undirrituðu fiskveiðisamning þjóðanna. Samkomulag er um að þjóðirnar fái áfram að veiða kolmunna og norsk-íslenska síld innan lögsögu hvorrar annarrar. Hámarksfjöldi íslenskra skipa við kolmunnaveiðar í færeyysku lögsögunni hverju sinni verður tólf skip.

Færeyysk skip fá heimild til að veiða 30 þúsund lestrir af loðnu við Ísland á loðnuvertíðinni 2007/2008 svo fremi að útgefinn kvóti verði 500 þúsund lestrir. Sé gefinn út



FRÁ UNDRITUN Björn Kalsö og Einar K. Guðfinnsson staðfestu áframhaldandi samvinnu Færeyja og Íslands í málefnum sjávarútvegs mála nýlega.

minni kvóti fá Færeyingar fimm prósentu heildarkvóta í sinn hlut.

Botnfiskveiðiheimildir Færeyinga við Ísland verða óbreyttar á árinu 2007. Færeyysk skip hafa því

heimild til að veiða 5.600 lestrir af botnfiski á árinu. Heildaraflí þorsks verður þó aldrei meiri en 1.200 lestrir og lúðaafli aldrei meiri en 80 lestrir. Íslensk skip hafa heimild til að veiða 2.000 lestrir af Hjaltlandssíld við Færeyjar og 1.300 lestrir af makríl.

Ákveðið var að skipa starfshóp sérfræðinga sem kanna á hvort og hvernig unnt sé að heimila að afla íslenskra skipa úr íslenskum stofnum verði landað beint til vinnslu í Færeyjum. Auk þessa ræddu ráðherrarnir samstarf innan alþjóðlegra stofnana og um nýtingu sameiginlegra fiskistofna.

- shá

Samfylkingin í Borgarbyggð: Mót mæla vegatollum í göngin

SAMGÖNGUR Stjórn Samfylkingarfélags Borgarbyggðar vill að stjórnvöld afnemi vegatolla í Hvalfjarðargöngin. Á fundi þann 12. febrúar var samþykkt að beina þeim eindregnu tilmælum til stjórnvalda að sjá til þess að vegatollar í göngin yrðu aflagðir með öllu.

Í tilkynningu segir að það að ein akstursleið út úr höfuðborginni sé skattlög sérstaklega umfram aðrar sé hrópanði óréttlæti sem ekki eigi að líða lengur, enda brjóti það gegn jafnræðissjónarmiðum. Veggjald skuli því afnumið hið allra fyrsta, en ekki árið 2018 eins og áætlanir gera ráð fyrir.

- sps

Condoleezza Rice:

Í óvæntri heim-sókn í Bagdad

ÍRAK Utanríkisráðgjafi Bandaríkjanna, Condoleezza Rice, kom í óvænna heimsókn til Bagdad, höfuðborgar Íraks, í gær. Hún hefur undanfarið ferðast um Mið-Austurlönd og meðal annars rætt við ísraelska ráðamann í Jerúsalem.

Rice mun hitta Jalal Talabani, forseta Íraks, Nuri al-Maliki forsætisráðgjafi og Tariq al-Hashimi varaforseta. Rice mun þrýsta á leiðtoga um að vinna upprætingu stríðandi hópa, flýta sveitarstjórnarkosningum og koma í gegn lögum um skiptingu olíuárs.

- sun

LÖGREGLUFRÉTTIR

Reykur í Máli og menningu

Slökkviliðið var kallað að húsi Máls og menningar á Laugavegi í gær vegna tilkynningar um reyk. Kom í ljós að röðblásari hafði brunnið yfir. Engin hættu var á ferðum.

Ellert B. Schram fagnar stuðningi landbúnaðarráðgjafa:

Vonar að Guðni fari oft til Kanarí

STJÓRN MÁL Ellert B. Schram, varaþingmaður Samfylkingarinnar, fagnar því að Framsóknarflokkurinn ætli að styðja þingsályktunartillögu sem hann lagði fram í desember um að lífeyristekjur aldraðra beri tíu prósentu skatt í stað 35 prósentu eins og nú er.

Fréttablaðið greindi frá því í vikunni sem leið að Guðni Ágústsson landbúnaðarráðgjafi hefði lýst yfir á fundi á Kanaríeyjum að skoða ætti hvort skattleggja bæri lífeyristekjur aldraðra eftir öðrum reglum en tekjuskattslögum. Lífeyristekjurnar væru nánast fjármagnstekjur og

því eðlilegt að þær bæru tíu prósentu skatt eins og fjármagnstekjur.

„Ég er mjög gladdur og ánægður að sjá að Guðni áttar sig á þessu þegar hann kemur til Kanarí. Ég vona að hann fari sem oftast þangað þannig að það renni upp fyrir honum ljós í fleiri góðum málum,“ segir Ellert.

Hann bendir á að fjármagnstekjur og lífeyristekjur séu í eðli sínu ávöxtur fjár í gegnum ævina og því beri sömu skattareglur að gilda. „Gallinn við fjármagnstekjuskattinn er sá að tíu prósentin renna bara í ríkissjóð, ekki til sveitarfélaga, svo að við viljum tala um að tíu prósentin séu tíu prósentu tekjuskattur,“ segir Ellert.

- ghs



ELLERT B. SCHRAM.



WILSON MUUGA Á STRANDSTAÐ Staða skipsins auðveldaði hreinsun. Skipið er talið standa af sér vetrarveður næstu vikna. Það gefur möguleika á því að fjarlægja flakið.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Viðbúin stóru mengunarslysi

Mengun vegna strands Wilson Muuga á Reykjanesi er talin hafa verið með minnsta móti og aðgerðir hafi tekist vel. Sívaxandi skipaumferð við landið kallar á aukinn viðbúnað.

UMHVERFISMÁL „Það hefði í raun lítið mátt bregða út af til að farið hefði mun verr á strandstað. Ef skipið hefði ekki siglt alla leiðina upp í fjöru heldur setið lengra út í skerjagarðinum þá hefði það sennilega brotnað og við hefðum setið uppi með töluverða olíumengun á viðkvæmri ströndu,“ segir



KRISTJÁN GEIRSSON

viðbrögð við bráðamengun á sjó og ströndum. Aðgerðir á strandstað þykja hafa tekist vel og því er ekki síst þakkað hvernig skipið skorðaðist í fjörunni á Hvalsnesi.

„Skipið situr nær alveg lárétt sem auðveldaði mjög að vinna með dælur og annan búnað um borð. Ef skipið hefði hallast eða staðið þvert á ölduna hefðu aðstæður verið allt aðrar. Við horfum til tveggja slysa í Noregi og á Bretlandseyjum um svipað leyti og Wilson Muuga strandaði þar sem mengun varð töluverð,“ segir Kristján.

Í fyrirlestri um strand Wilson Muuga og viðbrögð við olíumengun í liðinni viku rakti Kristján aðgerðir Umhverfisstofnunar vegna strandsins. Á heildina lítið sagði hann aðgerðir hafa tekist vel. „Það var auðvitað eitthvað um tafir og misskilning en engin meiriháttar mistök voru gerð. Við-

búnaður var góður og ljóst að þeir aðilar sem unnu með Umhverfisstofnun á strandstað unnu þrekvirki.“ Eins og komið hefur fram náðist meirihluti olíunnar frá borði og það litla af olíu sem úr skipinu slapp virðist ekki hafa valdið teljandi mengun.

„Hins vegar vorum við viðbúin því versta. Yfir jólin voru tilbúin til flutnings bretti með göllum, skóflum, grímum og fleira ef skipið myndi brotna. Samband var haft við lögreglu, björgunarsveitir og gerðar ráðstafanir til að brenna olíuúrgang,“ segir Kristján.

„...lítið hefði þurft að bregða út af til að farið hefði mun verr á strandstað.“

KRISTJÁN GEIRSSON, FAGSTJÓRI HJÁ UMHVERFISSTOFNUN

Að mati Kristjáns er viðbúnaður til að bregðast við litlum og meðalstórum mengunarslysum góður hér á landi. „Aukin skipaumferð við landið gerir það hins vegar nauðsynlegt að huga að frekari uppbyggingu björgunartækja. Helst virðist vera þörf á stóru dráttarskipi sem getur brugðist við ef stór flutninga- eða olíuskip lenda í vandræðum.“ Kristján segir að Ísland sé aðili að alþjóðlegum samningum um viðbrögð við stórum mengunarslysum enda sé ekki raunhæft að kaupa búnað og þjálfra mannskap til að bregðast við slíkum slysum.

svavar@frettabladid.is

120 1886 2006

SÖGUSÝNING Landsbankinn — 120 ára —



Listaverkadagur

Sögusýningin spannar 120 ára sögu bankans og þjóðarinnar og er skemmtileg upplifun fyrir alla fjölskylduna.

Í dag, sunnudag, kl. 14.00:

Aðalsteinn Ingólfsson, listfræðingur, segir frá listaverkasafni Landsbankans og veggmynd Kjarvals „Saltfiskstökkin“.

Baltasar Samper, myndlistarmaður, segir frá og útskýrir uppruna og þróun freskutækninnar.

Sögusýning Landsbankans
Aðalstræti 6 (húsnæði TM)

Sími: 410 4300

Opið virka daga kl. 11:00–17:00
og um helgar kl. 13:00–17:00

Enginn aðgangseyrir

Í allan dag:

Sveinbjörn Guðbjarnarson, sem er fjölkunnugur um sögu bankans, leiðbeinir gestum um sýninguna og svarar spurningum þeirra.



Landsbankinn

Banki allra landsmanna í 120 ár

Aðeins fyrir konur! -5 kr.

af hverjum eldsneytislítra
allan konudaginn.



**Frítt kaffi og meðlæti
fyrir konur!**



Til hamingju með daginn!

Í dag, sunnudag, bjóðum við konum
5 kr. afslátt af hverjum eldsneytislítra.



Við höldum með þér!

Fjármálaráðherra þrengir möguleika fyrirtækja til að ákveða uppgjörsmýnt.

Óskynsamleg reglugerð

HAFLIÐI HELGASON SKRIFAR

Fjármálaráðherra sendi frá sér í vikunni nýja reglugerð sem setur fyrirtækjum skorður í því í hvaða mynt þau færa bókhald sitt og uppgjör. Reglugerðin kemur í kjölfar umræðu um að íslensk fyrirtæki séu í auknum mæli að færa uppgjör sitt úr krónum í evrur.

Samkvæmt nýju reglugerðinni fá fyrirtæki heimild til þess að færa uppgjör sitt og bókhald í erlendri mynt að því gefnu að sú mynt sé starfrækslumynt fyrirtækisins. Starfrækslumynt er svo skilgreind sem sú mynt sem meirihluti starfsemi fer fram í.

Við lestur þessarar reglugerðar kemur fyrst upp í hugann að menn hafi ekkert þarfara að gera en að semja reglugerðir sem gera fremur ógagn en gagn.

Þegar menn setja reglur ættu þeir ævinlega að spyrja sig við hvaða vanda er verið að bregðast. Hér verður ekki séð að neitt vandamál sé á ferðinni sem bregðast þurfi við. Það hlýtur að vera eðlilegast að fyrirtækin ákveði sjálf hvernig þau vilja haga þessum uppgjörum sínum og færslu ársreikinga. Rökin fyrir vali á annarri mynt geta verið samsetning fjárfestahóps viðkomandi fyrirtækis eða önnur viðskiptaleg rök. Kjarninn er auðvitað sá að fyrirtækin hljóta að velja þá leið sem er hagkvæmust fyrir þau og þeim er mun betur treystandi til þess að velja skynsamlega en reglugerð ríkisins.

Það væri illt til þess að vita að æðstiprestur þess safnaðar hefði beitt áhrifum sínum á ráðherra til að setja slíka reglugerð.

Þegar engar augljósar skynsamlegar skýringar eru á ákvörðun sem þessari er freistandi að leita slíkra skýringa í hópi hinna óskynsamlegu. Alþjóðavæðing atvinnulífsins kallar á nýja hugsun í gjaldveismálum þjóðarinnar. Krónan er augljóslega á undanhaldi sem uppgjörsmýnt hjá fyrirtækjum. Það er þrún sem ekki verður stöðvuð og á ekki að stöðva. Ef niðurstaða þeirrar þróunar verður upptaka evru og innganga í ESB, þá er það bara niðurstaðan og líklega þá eina skynsamlega framtíðarlausnin. Það er hins vegar ekki hægt að gefa sér slíkt fyrirfram, en spastískar tilraunir til að halda aftur af þróuninni eru síst til þess fallnar að leiða til skynsamlegrar niðurstöðu.

Þegar Straumur-Burðarás ákvað að færa uppgjör sitt í evrum olli það ekki neinum sérstökum titringi í samfélaginu, nema einna helst hjá formanni bankastjórnar Seðlabankans, sem fór út fyrir skynsamleg mörk starfslýsingar sinnar til að tjá þirring yfir ákvörðuninni. Vissulega er í landinu sértrúarsöfnuður sem nálgast krónuna með trúarlegri lotningu, en það væri illt til þess að vita að æðstiprestur þess safnaðar hefði beitt áhrifum sínum á ráðherra til að setja slíka reglugerð. Seðlabankinn er sjálfstæð stofnun og mikilvægi þess seint ofmetið. Ekki er síður mikilvægt að ríkisstjórnir séu sjálfstæðar.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Kaldar kveðjur

Bloggheimar eru í ljósum logum þessa dagana vegna ráðstefnu um klámefni sem haldin verður á Íslandi í byrjun mars. Margir eru ósáttir við að slík samkoma verði haldin hér á landi og hafa meðal annars Stígamót og Ung vinstri græn sent frá sér ályktanir og áskoranir þar sem samkomunni er bölvæð í sand og ösku. Það eru því ekki hlýjar móttökur sem þeir Scott og Grant Hjørleifsson, íbúar í Gimli í Kanada, munu fá á ætjörð sinni en þeir eru meðal gesta ráðstefnunnar.



Eintómar Önnur

Íslenskt transgender-fólk hefur nú stofnað hagsmunafélag og leitar nú að nafni. Sú hugmynd hefur komið fram að nefna félagsskapinn Anna því bráðabirgðastjórnina skipa Þrjár Önnur, Anna K. Kristjánsdóttir, Anna Jonna Ármannsdóttir og Anna Margrét. Hugmyndinni var hins vegar mótmælt enda ekki víst að í félaginu verði „eintómar Önnur eftir þrjátíu ár“. Einnig hefur komið til umræðu að nefna félagið Lili eftir Lili Elbu, Frakka sem fór í aðgerð til Þýskalands 1930 og er af mörgum talin fyrst til að ljúka aðgerðaferli. Aðgerðaferlið var flóknara í þá daga og dó Lili í síðustu aðgerðinni. Svo eru auðvitað fleiri hugmyndir í pottinum...



Fréttatilkynning

Í tölvupóstsamskiptum er mikilvægt að titill (subject) og megintexti skeytisins lýsi efni þess vel því annars er hætt við að bréfið fari fram hjá móttakandanum. Þó virðast margir fjölmiðla- og upplýsingafulltrúar vera ósammála þessu, og titla öll sín skeyti „Fréttatilkynning“, með megintextanum „Sjá viðhengda fréttatilkynningu“ og viðhengt Word-skjal sem heitir „Fréttatilkynning“.

salvar@frettabladid.is / ghs@frettabladid.is

Stefna afskrifuð

Sumarið eftir fermingu fékk ég svinnu hjá Þormóði ramma við að spyrða. Starfið var ekki flókið en ágætlega borgað, við strákarnir drögum á eftir okkur hausara og unnum okkur í gegnum fiskhrúgunnar á gólfinu. Það brást ekki að þegar við héldum að nú værum við að verða búnir með fiskinn og gætum farið að slæpast, að þá kom vörubíll með pallinn fullan af þorski og sturtaði á gólf. Ég ætla ekki að kvelja lesendur með lýsingum á því hvernig fiskurinn var orðinn þegar hann var loks hengdur upp út á hjóllum en það veit sá sem allt veit að ég mun aldrei borða skreið. Svona meðferð á afla heyrir nú sögunni til, en hún var skiljanleg þegar sjávarútvegurinn bjó við skrapdagakerfið og menn urðu að fiska eins og vitlausir í samkeppni hver við annan þá daga sem þeir máttu halda togurunum til sjós. Þá kom gjarnan upp sú staða að vinnslugetan í landi dugði ekki til og þurfti þá að bjarga sér með því að vinna ódýrari vöru. Aflamarkskerfið leysti þennan vanda að mestu leyti, nú stilla menn saman vinnslu- og veiðigetun eins og unnt er og þannig er sóknarkostnaði haldið í lágmarki, en reynt að hámarka tekjurnar.

Aflamarkskerfið er ekki gallalaust og einn helsti vandi þess er að eignarrétturinn er ekki nægjanlega vel skilgreindur. Sá vandi birtist þannig að veiðar einnar útgerðar hafa áhrif á afkomu annarra, meðal annars vegna umhverfisáhrifa veiðarfæra eða vegna brottkasts. Það er því enn verk fyrir höndum, það þarf að



ILLUGI GUNNARSSON Í DAG | Sjávarútvegur

finna leiðir til að bæta aflamarkskerfið þannig að auðlindin sé varðveitt og um leið nýtt með hagkvæmasta hætti sem völ er á.

Ýmsar mótbárur komu fram gegn því að séreignarréttur yrði settur á í fiskveiðum okkar. Meðal annars var því haldið fram af mikilli sannfæringu að kvótakerfið myndi búa til nýja yfirstétt auðmanna í landinu sem myndu ráða hér lögum og lofum í krafti kvótaeignar sinnar. Sá spádómur hefur ekki gengið eftir og má jafnvel halda því fram að útgerðarmenn hafi til langs tíma ekki haft jafnlítil áhrif á íslensk þjóðmál eins og um þessar mundir. Hagkerfið hefur breyst gríðarlega frá því að kvótakerfið varð til í núverandi mynd við upphaf síðasta áratugar. Það er miklu fjölbreyttara og öflugra en áður og aflamarkskerfið hefur leikið lykilhlutverk í þeirri þróun. Séreignarkerfið dró mjög úr sveiflum í hagkerfinu, en langvarandi óstöðugleiki hafði takmarkað mjög möguleika annarra atvinnugreina til að geta vaxið. Þetta má glögglega merkja á áhugaverðum gögnum sem birtust á 200milur.is en þar var

hent á að vísitala fyrirtækja sem skráð eru í Kauphöll Íslands hefði tvítugfaldast á sama tíma og verðmæti aflaheimilda hafi rúmlega tífaldast.

Þetta er mergur málsins. Eignarrétturinn takmarkaði vissulega möguleika manna á því að stund sjó, rétt eins og eignarréttur bænda á jörðum takmarkaði möguleika okkar hinna á því að stunda landbúnað. En um leið átti hann stóran þátt í því að skapa ótölulegan fjölda nýrra tækifæra fyrir alla þá sem vilja reyna sig í viðskiptalífínu. Möguleikarnir eru miklu fjölbreyttari en áður og það sem meira er, möguleikar manna til að efnast eru miklu meiri en áður. Eignarrétturinn býr ekki einungis til hagstæð skilyrði fyrir þá sem starfa í viðkomandi atvinnugrein, hann hefur miklu viðtækari áhrif. Það var því mikið framfaraskref fyrir þjóðina þegar aflamarkskerfið var tekið upp og við njótum öll ávaxtanna, ekki bara þeir sem eiga aflaheimildirnar.

Í síðustu kosningum lagði Samfylkingin til að aflaheimildir útgerðarmanna yrðu afskrifaðar og verðmæti þeirra látið renna í ríkissjóð. Undirtektir við þá hugmynd voru litlar og hefur lítið heyrst frá Samfylkingunni um sjávarútvegsmál síðan, en má það heita sérkennilegt þar sem fylkingin var þeirrar skoðunar að aldrei hefði annað eins óréttlæti dunið yfir þjóðina. Nú styttest í kosningar og væntanlega fáum við að sjá splunkunýja sjávarútvegstefnu frá Samfylkingunni, varla heldur hún sig við sömu stefnu og hún hafði síðast.

Þjórarsárvirkjanir – góður kostur

UMRÆÐAN

Í tilefni leiðara Páls Baldvins Baldvinssonar í Fréttablaðinu 15.02.2007

Þegar NFS fréttir spurðu Ómar Þ. Ragnarsson hinn 6. nóv. sl. hvers vegna hann hygðist ekki beita sér gegn virkjunum í neðanverðri Þjórarsá svaraði hann: „Mismunurinn t.d. á virkjunum í Neðri-Þjórarsá og Kárahnjúkavirkjun er einfaldlega þessi: Virkjanir í Neðri-Þjórarsá eru í manngerðu umhverfi, þar sem eru tún, skurðir, línur og vegir.“

Ég rifja þessi ummæli upp því að núverandi háspennulínur liggja yfir fyrirhugaðar virkjanir í neðanverðri Þjórarsá og þess vegna þarf ekki að leggja nýjar háspennulínur frá virkjunum til þéttbýlisins á suðvesturhorni landsins.

Undirbúningur virkjunarframkvæmda í neðanverðri Þjórarsá miðast nú við rafmagnsnotkun vegna stækkunar álversins í Straumsvík (ekki Helgúvík) þótt virkjanirnar séu góðir kostir burtséð frá því hvar rafmagnið er notað. Áin er þegar miðluð, þannig að inntakslónin, sem eru 80% í farvegi árinna, taka ekki hæðarbreytingum eins og miðlunarlón. Þetta eru svokallaðar rennislisvirkjanir.

Í umræðum á Alþingi hinn 22. nóvember 2005 sagði Steingrímur J. Sigfússon: „Neðri virkjanirnar í Þjórarsá eru mjög hagkvæmar vegna þess að þær nýta alla miðlunina sem fyrir er ofar í Þjórarsásvæðinu. Núpavirkjun [nú Hvammsvirkjun – innsk. FS] og síðan Urriðafossvirkjun eru að vísu ekki án umhverfisfórna. Það þarf vissulega að fara



FRÍÐRIK SOPHUSSON

vel yfir það, en að breyttu breytanda eru þær mjög eðlilegur virkjunarkostur áður en menn ráðast í ný og óröskuð svæði.“

Hér hittir Steingrímur naglann á höfuðið. Andstaða VG við virkjunarformin nú eru vegna notkunarinnar. En þannig hefur það ekki alltaf verið. Þegar Orkuveita Reykjavíkur samþykkti raforkusamning við Alcoa var það gert með atbeina fulltrúa allra flokka – einnig fulltrúa VG, Tryggva Friðjónssonar. Samningur OR var forsenda fyrir viðræðum milli Landsvirkjunar og Alcan, vegna þess að Landsvirkjun átti ekki virkjunarkosti á Suðvesturlandi til að fullnægja nema að hluta orkuþörf álversins.

Eins og öllum er kunnugt hafa framangreindar virkjanir allar farið í umhverfismat og verið samþykktar. Aðalskipulag hefur verið samþykkt og staðfest í sveitarfélögum austan Þjórarsá og er á lokastigi í sveitarfélögum vestan árinna. Landsvirkjun hefur ávallt átt gott samstarf við allar sveitarstjórnir á svæðinu.

Að lokum vil ég taka fram að hvergi hef ég hótad „efnahagslegum þrengingum í ófyrirsjáanlegri framtíð sem röksemd fyrir álbræðslum ...“ eins og Páll Baldvin heldur fram. Ég hef hins vegar bent á þá staðreynd að það hafa ávallt skipst á skin og skúrir í efnahagslífi þjóðarinnar. Þeim, sem hafa haft vit á að nota góðærin til að undirbúa lakari árin, hefur ætíð vegnað best. Í því felst engin hótun heldur aldagömul speki.

Höfundur er forstjóri Landsvirkjunar.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson ADSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvín Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinnson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. issn 1670-3871

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | VODAFONE



SILFUR EGILS

Forsetaheimsókn í dag kl. 12:25



12. febrúar

12.-18. febrúar,
allar pizzur á

Lokadagur
Megaviku!

1.090 kr.*

*Ef þú sækir



Allt 2 lítra gos á 195 kr.



58-12345
www.dominos.is

01-9377

STEFÁN JÓN HAFSTEIN STJÓRN-
MÁLAMAÐUR ER 52 ÁRA Í DAG

„Ég kann ekki á þvottavél
en kann þó eitt prógramm.
Það dugar.“



tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 18. FEBRÚAR 1875

Eldgos hefst í Sveinagjá

Pennan dag árið 1875 hófst eldgos í Sveinagjá á Mývatnsöræfum, en sumir telja það hafa verið undanfara Öskjugossins sem hófst rúmum mánuði síðar. Það gos sem hófst í Dyngjufjöllum um 29. mars 1875 er með mestu náttúruhamförum sem átt hafa sér stað á jörðinni. Upphaf vesturfara Íslendinga er oft rakið til þeirra miklu hamfara, en Öskjugosunum fylgdi ógurlegt öskufall sem eyddi nær öllum jörðum á Jökuldal og olli tjóni mun víðar.

Eldgosið hófst raunar fyrst 3. janúar í Dyngjufjöllum og var það, ásamt því í Sveinagjá í febrúar, með þeim meiri sem sögur fara af, að því er frá greindi í ársannál Ísafoldar og birtist 4. febrúar 1876. „Dyngjujallaeldinum vissu menn



óglögg t hvað leið, þangað til annan í páskum, 29. marz, að afskaplegan öskumökk dreif þaðan austur yfir Múlasýslur. Lögðust við það 16 jarðir í eyði á Jökuldal efri, en stórskemmdir urðu á 200 jörðum öðrum. Nokkuð af öskunni barst austur um haf, til Noregs og jafnvel austur í Svíþjóð. Ekki sást eldur í Dyngjufjöllum

eftir þetta, en mjög rauk úr þeim allt vorið og sumarið. Á Mývatnsöræfum gerði hverja goshriðina annarri stórkostlegri það sem eftir var vetrar, og leið skammt á milli. Síðan urðu gosin strjalli og bar ekki mikið á þeim fram eftir sumrinu. Þá eflidist eldurinn aptur er leið á sumarið, og kom upp á nýjum stöðum þar á fjöllum; mun hann ekki hafa verið með öllu lagstur niður um árslokin,“ sagði í Ísafold.

MERKISATBURÐIR

- 1803 Miðlunarlæg samþykkt í Sviss, en með þeim héldu kantónur sjálfstæði sínu.
- 1878 Thomas Edison fær einkaleyfi fyrir fónógraf sinn.
- 1951 Bylting í Nepal steypir Rana-einveldinu sem stjórnað hafði landinu í 104 ár og konungsfjölskyldan endurheimtir völd sín.
- 1957 Verfall háseta í kaupskipaflofanum hefst og stendur til 17. mars.
- 1986 Bandaríkjaþing samþykkir sáttmála sem bannar þjóðarmorð, 37 árum eftir að sáttmálinn var lagður fram til samþykktar.
- 1992 Börn náttúrunnar tilnefnd til Óskarsverðlauna sem besta erlenda kvikmyndin.

INGI MÁR AÐALSTEINSSON: NÝR STJÓRNARFORMAÐUR TR

Boðar engu byltingu

Ingi Már Aðalsteinsson tók við sem stjórnarformaður Tryggingastofnunar í síðustu viku, í kjölfar þess að Kristinn H. Gunnarsson óskaði eftir að vera leystur frá störfum. Skipun Inga bar því nokkuð brátt að. „Já, svona eins og vera vill í pólitíkinni,“ sagði Ingi og hló við. „Heilbrigðisráðherra skipaði mig frekar snögglega í síðustu viku. Fyrsti stjórnarfundurinn var á föstudaginn, en ég var búinn að hitta forstjórnann og fara í smá vettvangskönnun í vikunni,“ sagði Ingi.

Ingi er viðskiptafræðingur að mennt en hefur þó tengst heilbrigðisgeiranum á ýmsan hátt í gegnum árin. Hann var stjórnarformaður Heilsugæslustöðvar Hornfirðinga um skeið, og síðar formaður stjórnar Fjórðungssjúkrahússins í Neskaupstað. „Ég hef líka komið að úttektum og ráðgjöf í sambandi við heilbrigðisstofnanir,“ sagði Ingi, en hann telur heilbrigðismálin afar áhugavert svið. „Þetta er náttúrulega mjög mikilvægt í nútíma þjóðfélagi. Stór hluti þess fjár sem almenningur borgar í skatta er notaður í heilbrigðismálin,“ sagði hann.

Ingi Már mun gegna starfinu út kjörtímabilið. „Það er kosið í maí, svo þetta eru um þrjár mánuðir. Ég sinni þessu starfi þangað til að nýr heilbrigðisráðherra, hver sem það verður, skipar næstu stjórn,“ sagði Ingi, sem átti því ekki von á að hann myndi standa fyrir marktækum breytingum. „Í sjálfa sér er hlutverk stjórnar aðallega að fylgjast með því að reksturinn sé í þeim horfum sem ætlast er til af ráðuneytinu og ríkinu. En svo koma kannski einhverjar nýjar áherslur með mér, úr þeim geira



INGI MÁR AÐALSTEINSSON Sinnir starfi stjórnarformanns Tryggingastofnunar fram að lokum kjörtímabils og boðar engar byltingarkenndar breytingar. FRÉTTABLAÐIÐ/BRINK

sem hefur með uppgjör og áætlanir að gera. Fyrri formaður var væntanlega meira í pólitíkinni, svo það verða kannski einhverjar áherslubreytingar út frá því. En ég er ekki að boða neinar byltingar-

kenndar breytingar á þessum mánuðum,“ sagði Ingi og hló við. „Ég reyni bara að sinna þessu vel, og er að sjálf-sögu ánægður með það traust sem mér er sýnt.“ sunna@frettabladid.is



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og blyhubug við fráfall og útför ástkærs eiginmanns, föður, afá, tengdaföður og bróður,

Halldórs Snorrasonar
Baldursgötu 37, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til þeirra sem önnuðust Halldór af mikilli alúð í veikindum hans á Landakoti og Landspítalanum, einnig til séra Kristins Ágúst Friðfinnssonar.

Kristín Guðbjartsdóttir (Kristín G. Magnús)
Magnús Snorri Halldórsson Adine B. Storer
Dóra Halldórsdóttir Haraldur Arngrímsson
Sigurlaug Halldórsdóttir Pálmi Gestsson
f.h. barnabarna og systkina hins látna.



